


Kennsluleiðbeiningar



British Embassy
Reykjavík



Miðstöð menntunar
og skóláþjónustu

Tæknitröll og íseldfjöll

Kennsluleiðbeiningar

Um bókina

Tæknitröll og íseldfjöll sýnir börnum hvaða störf verða meðal þeirra áhugaverðustu og mikilvægustu á Íslandi næstu 10 til 20 ár. Einnig kennir *Tæknitröll og íseldfjöll* börnum að við erum öll jöfn. Börn niður í sex ára aldur telja að fólk sem er ólíkt þeim í útliti sé ekki jafn góðhjartað og þau og að stelpur séu ekki eins klárar og strákar. Markmið þessarar bókar er að eyða staðalímyndum og sýna börnum að hver sem er getur gert hvað sem er. Kynþáttur, kyn, trúarbrögð, atgervi, kynhneigð, líkamsgerð og heilsufar skipta ekki máli, við erum öll jöfn.

Hlekkur á bókina: [Tæknitröll og íseldfjöll \(mms.is\)](https://mms.is)

Dæmi um tengsl bókarinnar við hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla

■ Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

Íslenska

- Talað mál, hlustun og áhorf:
 - átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Upplýsinga- og tæknimennt:

- Vinnulag og vinnubrögð:
 - nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
 - sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.

Náttúrugreinar:

- verklag, geta til aðgerða:
 - útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.
- verklag, nýsköpun og hagnýting þekkingar:
 - komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
- verklag, nýsköpun og hagnýting þekkingar:
 - bent á störf sem krefjast sérþekkingar.
- verklag, vinnubrögð og færni:
 - hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

■ Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

Íslenska

- Talað mál, hlustun og áhorf:
 - hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
 - nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.
 - átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Upplýsinga- og tæknimennt:

- Vinnulag og vinnubrögð:
 - nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
 - sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.



Náttúrugreinar:

- verklag, geta til aðgerða:
 - greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfis þeirra.
- verklag, geta til aðgerða:
 - greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.

- verklag, geta til aðgerða:
 - tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.

- verklag, nýsköpun og hagnýting þekkingar:
 - Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.

Markmið kennsluefnisins

Að kenna börnum að sérkenni okkar eru jákvæð og að við eigum að koma eins fram við alla.

Fyrir hvaða aldur er kennsluefnið?

Fyrir 6–12 ára börn.



Hversu langan tíma tekur kennslan?

40 mínútur hver leið en kennarar hafa frelsi til að lengja eða stytta tímann eftir því hversu líflegar umræður skapast. Til dæmis er hægt að taka leið 1 og 2 í samliggjandi kennslustundum.

Jafningjafræðsla leið 1: FALIN SÉRKENNI



MARKMIÐ: Að kenna börnum að sjá það góða í öðrum og líta jákvæðum augum á bekkjarfélagi sína þó við séum ekki alltaf sammála. Að fá börnin til að hugsa að ef þau vilji að aðrir komi fram af virðingu við þau og sýni þeim skilning, þá sé best að koma sjálf fram af virðingu við aðra og sýna öðrum skilning.

KYNNING KENNARA – Hugvekja:

- Við erum stundum ósammála og sjáum kannski ekki alltaf jákvæða eiginleika í öllum bekkjarfélögum okkar.
- Ef við gefum okkur tíma til að horfa á það jákvæða og jafnvel hrósa öðrum, gæti það leitt af sér betri samvinnu í bekknum, meiri skilning, betri anda í bekknum o.s.frv.
- Nú ætlum við að skoða hvað okkur finnst jákvætt í fari bekkjarfélaganna og æfa okkur í að hrósa þeim.

BEKKJARVERKEFNI:

Skrifum á töfluna allskonar hugmyndir að földum sérkennum. Til dæmis fátækt, mataróþol, lesblindu, sjúkdómar, hræðsla við lyftur eða myrkur, ADHD, kvíði, erfitt að sitja kyrr.

Kennari skiptir upp bekknum svo tvö og tvö vinni saman. Kennari metur hvort betra sé að para saman eða leyfa nemendum að para sig saman.

Tvö og tvö saman:

Kennaraleiðbeiningar:

- Vinnið tvö og tvö saman. Hver og einn á að segja eitthvað sem þeim finnst félaginn góður/góð í og skiptast svo á. (U.þ.b. 5 mínútur hvert par.)
- Ef tími og áhugi hópsins leyfir má láta krakkana para sig við annan bekkjarfélag og halda þannig áfram. Allir tala t.d. við þrjá mismunandi bekkjarfélaga.
- Kennari gengur á milli og aðstoðar. Ef þörin þurfa hjálp við að komast af stað er gott að gefa dæmi „mér finnst þú góður vinur vina þinna“ eða annað sem getur átt við marga.

BEKKJARUMRÆÐA

- Vill einhver deila með bekknum hvað þeim finnst erfitt? Tölum um hvernig við erum öll mismunandi og hvernig það er jákvætt. Við höfum öll mismunandi styrkleika og getum kannski hjálpast að.
- Skoðum bls. 74–75 í bókinni – gott að prenta út og dreifa á milli eða varpa upp í stofunni. Hér sjáum við meira um persónurnar í bókinni. Hér er ýmislegt sem þið vissuð ekki um fólkið enda sést það ekki utan á því.

Lærdómur og boðskapur: Hjálpum öðrum, leyfum öllum að vera með, finnum leiðir til að sýna vinsemd, ekki dæma annað fólk því það gæti átt við einhverja erfiðleika/áskoranir að stríða alveg eins og þú. Við erum öll einstakar manneskjur.

Jafningjafræðsla leið 2: ÞAÐ ER FRÁBÆRT AÐ VERA ÓLÍK

MARKMIÐ: Að læra af hverju við eigum að koma eins fram við alla. Kennum börnum að það sem gerir okkur ólík í útliti skipti ekki máli heldur það sem er innra með okkur og hvernig við hegðum okkur.

KYNNING KENNARA – Hugvekja:

Við höfum ólíkan bakgrunn, áskoranir og reynslu en öll erum við jöfn. Það er mikilvægt að vera góð við annað fólk. Komum fram við það eins og við viljum láta koma fram við okkur. Ef við getum það afrekum við ekki aðeins margt heldur getum við einnig verið stolt af okkur sjálfum og það skiptir miklu máli í lífinu.

BEKKJARVERKEFNI 1:

- Skrifum á töfluna mismunandi hluti sem gætu einkennt útlit. *Hér þarf að fara varlega og stýra umræðum vel svo ekkert særandi sé sagt.* Kennari metur hvort hann býður krökkunum að taka þátt eða hvort kennari komi sjálfur með hugmyndirnar. Þetta geta verið einkenni eins og litir á fötum (skrifa upp liti), augnlitur, hárlitur, hárgerð (krullað/stutt/sítt o.s.frv.), hálsmen, eyrnalokkar eða úr.

BEKKJARVERKEFNI 2:

- Kennari velur eitt atriði af töflu og biður öll börn sem þetta á við að standa upp eða gera eitthvað sérstakt. Til dæmis „allir með brún augu standa við töfluna/setjast á gólfið.“ Kennari spyr síðan bekkinn til dæmis „eru krakkar með brún augu betri í handbolta en aðrir krakkar?“
- Næst velur kennari fjögur atriði til viðbótar af töflunni og gerir það sama. Fær krakka með sömu útlitseinkennum til að hópa sig saman. Spyr síðan svipaðra spurninga og í dæminu hér fyrir ofan. *Mikilvægt er að halda spurningunum í nokkuð jákvæðum tón:*
 - Eru krakkar í bláum fötum með meiri læti en aðrir krakkar?
 - Ef þú ert með krullað hár, þýðir það að þú sért betri í dansi?
 - Eru krakkar með eyrnalokka betri í myndlist en aðrir?

Svarið er alltaf „nei“.



BEKKJARUMRÆÐA:

- Skoðum bls. 76–77 í bókinni – gott getur verið að prenta út og dreifa á milli eða varpa upp í stofunni. Föllum í gegnum þessi mismunandi einkenni og tölum um þau. Allar þessar persónur standa sig ótrúlega vel þrátt fyrir áskoranir. Það er aðeins hluti af því sem gerir þær að manneskjum. Skilaboðin eru „Þú getur allt!“

Lærdómur og boðskapur: Það skiptir engu máli hvernig fólk lítur út, það sem skiptir máli er innra með fólki og hvernig það kemur fram við aðra.

Höfundar eru Bryony Mathew, Sunnar Gunnars Marteinsdóttir og Berglind Jónsdóttir ásamt vinsamlegri aðstoð góðra kennara.

Yfirlstur: Ingólfur Steinsson

Hönnun og umbrot: Miðstöð menntunar og skóláþjónustu



British Embassy
Reykjavík



Miðstöð menntunar
og skóláþjónustu